

7. gr.

Í desembermánuði ár hvert, fyrst árið 1977 skal birt í Lögbirtingablaði innlausnarverð hvers þúsunds af nafnverði skyldusparnaðarskírteina miðað við 1. nóvember það ár, 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 og verðbætur frá 1. nóvember 1975. Hafi skyldusparnaður verið greiddur að fullu fyrir 1. janúar 1976 skal greiða innlausnarverð sem hér segir. Fyrir hvert þúsund af nafnverði skírteina, sem innleyst eru eftir 1. nóvember ár hvert, greiðist innlausnarverð miðað við 1. nóvember næst á undan innlausn, að viðbættum 4% ársvöxtum frá viðmiðunardegi til innlausnardags.

Hafi skyldusparnaður verið greiddur eftir 1. janúar 1976 verður innlausnarfrjárhæð hvers skírteinis reiknuð sérstaklega í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr.

8. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 6. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól og vexti, skal málinu vísað til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð. Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann. Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvornig vísitölur samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengdar eldri vísitölum.

9. gr.

Skyldusparnaður er ekki frádráttarbær til tekjuskatts. Skyldusparnaðarskírteini eru framtalsskyld, svo og vextir og verðbætur af þeim. Að öðru leyti njóta skírteinin skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970. Skírteinin eru þannig skatt- og útsvarsfrjáls sem eign og vextir af þeim skatt- og útsvarsfrjálsir.

10. gr.

Innlausn skyldusparnaðarskírteina fer fram hjá ríkisféhirði. Eftir 15. desember 1990 greiðast ekki vextir af skírteinum og engar verðbætur eru greiddar vegna hækkana vísitölu framfærslukostnaðar eftir 1. nóvember 1990.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um skyldusparnað nr. 2/1971.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþegin skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr. sbr. 7. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Félagsmálaráðuneytið getur veitt leyfi frá sparimerkjakaupum þeim aðilum sem nota skýrsluvélar við launaafgreiðslu enda fá launþeginn við hverja launaafgreiðslu ritaðar upplýsingar frá launagreiðanda um hve há skyldusparnaðarupphæðin var, sem

lögð var til hliðar af laununum og hvað upphæðin sé samtals orðin það sem af er árinu. Leyfi það sem ráðuneytið veitir þannig launagreiðanda skal við það bundið að launaafgreiðslan sé framkvæmd af tilgreindu skýrslugerðarfyrirtæki. Umsókn launagreiðanda um þvílíkt leyfi skal fylgja yfirlýsing skýrslugerðarfyrirtækisins um að það taki á sig þær skyldur og þá ábyrgð sem á það verður lagt með reglugerð þessari og með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur við leyfisveitinguna.

Launagreiðendum þeim sem fá leyfi ráðuneytisins til þess afgreiðsluháttar á skyldusparnað sem um getur í 2. mgr. ber að greiða Húsnæðismálastofnun ríkisins andvirði sparifjárins tafarlaust að lokinni vinnslu í skýrslugerðarfyrirtækinu. Dragist greiðslan fram yfir gjalddaga launanna skal launagreiðandinn greiða dráttarvexti af upphæðinni fyrir þann tíma sem umfram er. Með greiðslunum skal launagreiðandinn skila í þríriti skrá um launþega þá sem sparifénu er skilað fyrir. Ráðuneytið ákveður við leyfisveitinguna hvaða upplýsingar skulu vera á skrá þessari.

Skýrslugerðarfyrirtæki það sem annast launaafgreiðsluna fyrir launagreiðandann skal skila Húsnæðismálastofnun ríkisins tafarlaust að lokinni gerð launagreiðslugagnanna í skýrslugerðarfyrirtækinu skrá um launþegana með sams konar upplýsingum og þeirri, er launagreiðandanum er gert að skila með greiðslu sparifjárins. Jafnframt ber skýrslugerðarfyrirtækinu að skila Húsnæðismálastofnun ríkisins þeim upplýsingum í skýrsluvélatakri mynd sem ráðuneytið áskilur. Húsnæðismálastofnunin kveður nánar á um í hvernig skýrsluvélatakri mynd þessar upplýsingar séu.

2. gr.

8. gr. 4. mgr. orðist svo:

Vextir af sparifé teljast sparifjäreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er móttækið af póstmanni. Sé sparifé afgreitt með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. skulu vextir teljast sparifjäreiganda frá gjalddaga launanna.

3. gr.

14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 13. gr. Er henni berast sparimerkjabréf, sbr. 8. gr. eða skil á upplýsingum frá skýrslugerðarfyrirtæki samkvæmt 4. mgr. 2. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. en þeirra, sem búsettir eru á lögbýlum utan kaupstaða og kauptúna í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

4. gr.

17. gr. 1. mgr. orðist svo:

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert, upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því forni, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera upplýsingar, um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans, svo og upphæð þá, sem hann hefur kaypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr. Á sama hátt lætur Húsnæðismálastjórn hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té upplýsingar um skyldusparnaðarupphæðir þær sem afgreiddar eru með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr.

5. gr.

Við 18. gr. bætist 4. mgr. svohljóðandi:

Ákvæði 1.—3. mgr. þessarar greinar ná ekki til skyldusparnaðar sem afgreiddur er með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. Húsnæðismálastjórn sendir hlutað-

eigandi skattyfirvaldi fyrir 28. febrúar ár hvert upplýsingar um skyldusparifjárupphæð þá sem hverjum einstökum launþega hefur verið gert að leggja til hliðar á síðastliðnu almanaksári og afgreitt var með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. Skal þar tilgreint hvernig sparifjárupphæðin skiptist eftir launagreiðendum. Sams konar upplýsingar skal Húsnæðismálastjórn senda fyrir sama tíma viðkomandi launþega.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði. Launagreiðendur þeir, sem um ræðir í 2.—4. mgr. 2. gr. skulu bera allan kostnað af afgreiðslu skyldusparnaðarins þar til gögn og greiðsla hefur verið afhent Húsnæðismálastjórn.

7. gr.

22. gr. orðist svo:

Skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 2. mgr. er að launagreiðandi skuldbindi sig til að afla sjálfskuldarábyrgðar banka og leggi fram ótvíræða ábyrgðaryfirlýsingu hans fyrir greiðslu sparifjár og kostnaðar sem launagreiðandanum verður gert að greiða samkvæmt þessari grein, verði misbrestur á því að launagreiðandi standi skil á greiðslum eða gögnum til Húsnæðismálastjórnar. Skal upphæð ábyrgðarinnar nema hið minnsta sem næst fjórðungi þeirrar heildarupphæðar, sem viðkomandi launagreiðanda ber að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. reglugerð þessari á síðasta almanaksári.

Húsnæðismálastjórn ber að krefja launagreiðanda um greiðslu og gera viðkomandi banka aðvart, geri launagreiðandi ekki tafarlaust skil, sbr. 3. mgr. 2. gr. Sé kröfunum ekki sinnt, skal Húsnæðismálastjórn krefja ábyrgðaraðila um greiðslu, þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga launanna.

Eigi ríkisfyrirtæki í hlut ábyrgist fjármálaráðuneytið greiðslu til Húsnæðismálastjórnar með sama hætti og greinir í 1. og 2. mgr.

Verði misbrestur á að skýrslugerðarfyrirtækið skili réttum gögnum, skal fyrirtækið greiða Húsnæðismálastjórn allan kostnað, sem af þeim misbresti leiðir.

8. gr.

23. gr. orðist svo:

Launamiði, sem launþegi fær í hendur frá skýrslugerðarfyrirtækinu, skal svo úr garði gerður, að hann sé auðkenndur nöfnum og heimilisföngum launagreiðandans og launþegans og nafnnúmerum beggja. Jafnframt skal getið dagsetningar, þegar þar tilgreind upphæð var lögð til hliðar af launum hans og send Húsnæðismálastjórn, sem sparifé skv. reglugerð þessari.

Þannig útbúin er launamiði skýrslugerðarfyrirtækisins sönnun gagnvart Húsnæðismálastjórn um inneign viðkomandi launþega vegna skyldusparnaðar.

9. gr.

24. gr. orðist svo:

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.